

## Sjóræningjaspil

### Efni:

- Þykkt pappaspjald og karton sniðið að stærðinni. Það er svo límt á pappaspjaldið
- Skæri
- Lím
- Teningur
- Skrautsteinar eða annað sem hægt er að nota sem fjársjóð
- Bókplast


### Aðferð:

- Klippið út reitina, hauskúpurnar, gullkisturnar, sjóræningjaskipið og Byrja reitinn. Sjóræningjaskipið er endareiturinn.
- Límið á spilaboðið eins og borðspil
- Plastið með bókplasti

### Spilið:

- Hver spilari fær 10 skrautsteina í byrjun. Á leiðinni frá Byrja reit að Enda reit þarf svo ýmist að láta frá sér steina eða fá steina. Ef lent er á fjársjóðskistu á leiðinni má fá tvo steina en ef lent er á hauskúpu á að láta frá sér einn stein. Þegar fyrsti kemst á Enda telur hver fyrir sig hvað hann á mikið af skrautsteinum.
- Spilið á myndinni er rúmlega A3 að stærð
- Á myndinni hér fyrir neðan eru sjóræningjar límdir á spjaldið. Þeir voru settir af því að spilaleiðin gekk ekki upp hjá mér því ég hafði límt strax í staðinn fyrir að raða fyrst og líma svo.









Byrja